



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEIÐURSVERÐLAUN VESTNORRÆNA RÁÐSINS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson var í gærkvöldi, mánudaginn 10. ágúst, sæmdur heiðursverðlaunum Vestnorræna ráðsins við hátíðlega athöfn sem fram fór í Runavík í Færeyjum.

Vestnorræna ráðið er samstarfsvettvangur þjóðþinga Færeyja, Grænlands og Íslands, og er þetta í fyrsta sinn sem það veitir slík heiðursverðlaun.

Í umsögn ráðsins kom fram að forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni eru veitt verðlaunin fyrir að efla sess vestnorrænu þjóðanna á alþjóðavettvangi og kynna um áraraðir málstað þeirra í viðræðum við erlenda þjóðhöfðingja og forystumenn ríkisstjórna, atvinnulífs og vísinda, einkum þar sem framtíð Norðurslóða er á dagskrá. Vestnorræna ráðið færir forsetanum sérstakar þakkir og sémir hann verðlaununum á 30 ára afmæli samvinnu þjóðþinga Færeyinga, Grænlandinga og Íslendinga.

Athöfnin fór fram að loknum hátíðarkvöldverði sem lögmaður Færeyja Kaj Leo Holm Johannesen hélt til heiðurs forseta Íslands og Vestnorræna ráðinu í tengslum við þing ráðsins sem haldið er í Færeyjum í dag, 11. ágúst 2015.

Í stuttu ávarpi þakkaði forseti þennan heiður og áréttaði hina nýju stöðu sem vaxandi mikilvægi Norðurslóða hefði skapað Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Vinátta hinna vestnorrænu þjóða ætti sér djúpar rætur í sögu þeirra, lífsreynslu og menningu. Samvinna þeirra væri enn mikilvægari nú þegar öll helstu forysturíki í efnahagslífi Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku stefndu að auknum áhrifum á Norðurslóðum. Sú

samvinna sem fyrir þrjátíu árum hefði fyrst og fremst verið í þágu þjóðanna sjálfra hefði nú öðlast nýtt gildi á alþjóðavettvangi.

Forseti Íslands mun í dag, þriðjudaginn 11. ágúst, flytja sérstaka hátíðarræðu á afmælisþingi Vestnorræna ráðsins í Færeyjum en það sitja þingmenn frá þjóðunum þremur ásamt Kaj Leo Holm Johannesen lögmanni Færeyja, Kim Kielsen formanni landstjórnar Grænlands og Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra Íslands.

Myndir frá athöfninni má nálgast á vefsíðu forsetaembættisins, forseti.is.

11. ágúst 2015

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).